Upplýsingabréf til foreldra varðandi skólahald Waldorfskólans Sólstafa fram að páskafríi.

Stjórn skólans og kennarar hafa fundað nú á starfsdegi og eru eftirfarandi upplýsingar um skólahald þær breytingar sem gera þarf á starfsemi skólans til að hægt sé að fylgja eftir þeim fyrirmælum og skorðum sem Sóttvarnarlæknir og menntayfirvöld hafa sett skólastofnunum vegna Covid-19.

Umgengni og kennsla eldra og yngra stigs skólans hefur verið aðskilin milli hæða og eru það vissir kennarar og starfsmenn sem taka að sér að vera eingöngu á yngri deildum og aðrir sem kenna bara á efri hæð.

Á efri hæð skólabyggingar opnar skólinn kl 8:15 og eru skólastofur bekkja opnar og fara nemendur beint inn í sína stofu þegar þeir koma og eru beðnir að halda sig þar. Kennarar eru til staðar í skólabyggingunni til að aðstoða nemendur við þessar breytingar og minna á hreinlætisvenjur. **Foreldrar eru beðnir að koma ekki inn í skólann.**

Nemendur í 5-6. 7-8. 9-10.bekk eru í venjulegri kennslu til 12:30 og fá að fara í hreyfingu/frímínútur út á skólalóð þegar yngri deildir eru inni. Kennsla fellur niður tvo síðustu tíma skóladagsins hjá þessum skólastigum þar sem greinarnar eftir hádegi eru meira og minna aflagðar vegna ytri skilyrða eins og íþrótta og sundkennsla, handverkskennsla, myndmennt og þær greinar þar sem nemendur eiga að vera í öðrum rýmum en sinni skólastofu. Þetta léttir einnig álagi af dagsrytma hjá yngri nemendum sem þurfa að komast í frímínútur og vera hreyfanlegri inni á skólasvæðinu.

Greinarnar sem þau eru að sleppa eru að langmestu leyti verklegar/hreyfing og þarf ekki að huga að sérstöku heimanámi þennan stutta tíma fram að páskafríi. Elstu nemendur verða þó með verkefni til að vinna að hluta heima.

Ennfremur eru nemendur í 5-6.bekk og 7-8.bekk of mörg í hóp til að mega vera saman í kennslu.(22 í hvorum hóp) Þar sem aðeins tveir nemendur standa útaf í hvorum hóp, höfum við ákveðið að leysa þetta með áherslu á að kennsla geti verið sem reglulegust hjá sem flestum nemendum, sem flesta daga og **verða tveir nemendur í senn, í hvorum hóp beðnir að vera heima í einn dag í einu og munu umsjónarkennarar útbúa lista sem foreldrar fá núna í dag svo hægt sé að gera ráðstafanir fyrir þann dag sem þeir fá úthlutað að vera heima.**

Nemendur mið og eldri bekkja hafa lokið skóladegi kl 12:30 og fara heim. Þar sem þau eru ekki í hádegismat þennan tíma verður einungis greitt hálft matargjald með næsta skólagjaldi.

Á neðri hæð skólabyggingar opnar skólinn kl 8:15. Tekið er á móti nemendum við inngang og eru foreldrar beðnir að koma ekki inn í skólann. Starfsmenn aðstoða nemendur að komast í stofur þar sem bekkjarkennarar eru komnir og taka við þeim.

Eftir kl. 9:10 er ytri hurð læst á neðri hæð og þeir sem eru seinna á ferðinni eru beðnir að hringja í skólasímann: 5771110 og mun þá starfsmaður koma og taka á móti nemandanum og aðstoða hann að komast inn í heimastofu.

Yngri nemendur verða í sínum bekkjarhópum að mestu og fara til skiptis í mat í hádegi og fá úthlutað svæði á skólalóð til að vera á í útiveru. Starfsmenn og kennarar fylgja þeim í gegnum daginn og aðstoða við að halda hópum aðskildum.

Lengd viðvera er í boði til kl 15:30 fyrir 1-4.bekk en við biðjum þá foreldra sem geta sótt nemendur strax að loknum skóladegi næstu þrjár vikur að láta okkur vita af því sem fyrst svo við getum skipulagt hópastarf lengdrar viðveru fyrirfram. Skipulögðum skóladegi þeirra lýkur kl 14:40 mán/fim/fös og kl 14:00 þri/fim.

Viðverunni verður skipt í þrjá hópa eftir bekkjum og verða í aðskildum rýmum þar sem hópurinn er of stór til að vera saman í viðveru.

Reynt verður að ljúka viðveru eins og hægt er í útivist þar sem foreldrar komi ekki inn í skólann. Vanti eitthvað dót við heimför ná starfsmenn í það inn.

Sé ekki veður til að vera úti verða börnin í viðverunni í sömu hópum inni og starfsmenn hjálpa þeim að klæða sig og koma sér út þar sem foreldrar taka við þeim.

Við biðjum foreldra sem munu nýta sér lengda viðveru næstu vikur að gæta að því að vistun lýkur kl 15:30 og að koma ekki of seint að sækja börnin. Það er mikið álag á starfsfólk hér sem annarsstaðar og það þarf einnig að sækja börn sín fyrr og breyta um rútínu vegna ástandsins.

Við kennarar og starfsfólk erum tilbúin í þetta verkefni og biðjum foreldra og forráðamenn að starfa með okkur að því að láta næstu vikur ganga upp eins og best verður á kosið.

Ennfremur biðjum við foreldra að fara eftir þeim tilmælum sem gefin hafa verið út af Sóttvarnarlækni, halda börnum heima séu þau með flensueinkenni og láta skólann vita.